

# Fundargerð 291. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fjarfundur  
**Fundardagur:** fimmtudagur 21. desember 2023  
**Fundartími:** 12:00-12:15  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Elín Höskuldsdóttir  
Harpa Magnúsdóttir fjarverandi

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk

Fyrir liggur samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar um 0,23%. Ekki er um ræða ákvörðun sem leiðir til þess að heildarálögur á skattgreiðendur hækki þar sem tekjuskattsálagning lækkar um samsvarandi á móti.

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 12.12.2023, samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að álagningahlutfall úrsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

## 2. Ósk um framkvæmdaleyfi

Fyrir liggur erindi frá Orkugerðinni ehf. er varðar framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst heimild til borunar eftir kælivatni til kælingar á útblæstri verksmiðju Orkugerðarinnar innan iðnaðar- og athafnasvæðis að Heiðargerð. Gert er ráð fyrir því að borun holunnar fari fram á aðliggjandi landi úr landi Hraungerðis auk þess útbúa þarf veg og borplan í tengslum við framkvæmdina. Fyrir liggur samþykki landeiganda í Hraungerði.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrir liggur samþykki landeiganda í Hraungerði og telur sveitarstjórn því ekki vera þörf á grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu leyfisins.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

## 3. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 9. janúar kl. 16:00.

Hjalti Guðmundsson kemur inn sem aðalmaður T lista frá og með 1. janúar 2024 fyrir Elínu Höskuldsdóttur sem hefur beðist undan setu í sveitarstjórn vegna flutnings í annað sveitarfélag frá og með sömu dagsetningu.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)  
Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)  
Elín Höskuldsdóttir (sign)